

## REGLUGERÐ um rekstur sjúkrahótels á lóð Landspítala.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um sjúkrahótel sem rekið er á lóð Landspítala. Með sjúkrahóteli er átt við tímabundinn dvalarstað fyrir sjúklinga sem þurfa heilsu sinnar vegna að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar en þurfa ekki á sjúkrahúsdvöl að halda.

Sjúklingur sem dvelur á sjúkrahóteli getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma.

2. gr.

*Rekstur sjúkrahótels.*

Landspítali annast rekstur sjúkrahótels á lóð Landspítala.

3. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. janúar 2018.

*Velferðarráðuneytinu, 27. október 2017.*

**Óttarr Proppé**  
heilbrigðisráðherra.

*Vilborg Ingólfssdóttir.*